

Kópavogur, 3. október 2017

Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar fimmtudaginn 26. október 2017 klukkan 16:00 á aðalskrifstofu félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga um að samþykkja kaup félagsins á öllu hlutafé Festi hf.
2. Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutafé til að mæta hluta kaupsamningsgreiðslna við kaupin á Festi hf.

Nánar um dagskrá fundarins:

Í dag var undirritaður kaupsamningur á milli N1 hf. og SF V slhf. um kaup á öllu hlutafé í Festi hf., eins og komið hefur fram í tilkynningu til kauphallar. Viðskiptin eru m.a. háð samþykki hluthafafundar N1 hf. sem jafnframt verður að veita stjórn heimild til útgáfu nýrra hluta í N1 hf. til SF V slhf. til að hægt verði að efna kaupsamninginn. Af því tilefni er eftirfarandi tillaga lögð fyrir fundinn:

„Hluthafafundur í N1 hf. sem haldinn er fimmtudaginn 26. október 2017 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til þess að gefa út nýja hluti í félaginu að nafnverði allt að kr. 84.782.609 á genginu 115. Forkaupsréttur hluthafa að hækkuninni er felldur niður, en þess í stað, ef til kemur, er SF V slhf. veittur áskriftarréttur að allri hækkuninni, eins og nauðsynlegt reynist, til þess að hægt verði að standa við uppgjör á kaupsamningi um kaup N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf., frá 3. október 2017, en hluti kaupverðsins er greiddur með nýjum hlutum í N1 hf. Heimild þessi til stjórnar stendur til 31. desember 2018. Gerð skal skráningarlýsing vegna hinna nýju hluta ef til útgáfu þeirra kemur“

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 laugardaginn 21. október 2017.



Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 12. október 2017. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15:30 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn.

Stjórn N1 hf.